

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Stefnis hf. vegna ársins 2021 var haldinn 17. mars 2022 að heimili félagsins, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Fundurinn hófst kl. 12:20.

1. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður Stefnis, setti aðalfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, regluvörður félagsins, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur

Guðmundur tók við stjórn fundarins og lagði til að Fannar Freyr Ívarsson, ritari stjórnar félagsins, yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt. Fundarritari tók þá þegar til við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og tiltók að til fundarins hefði verið boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 7. gr. samþykkt félagsins þann 3. mars 2022.

Fundarstjóri tók fram að mætt væri af hálfu beggja hluthafa félagsins. Til fundarins væri boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga, nr. 2/1995 um hlutafélög og 7. gr. samþykkt félagsins. Fundurinn væri því lögmætur hluthafafundur.

Fyrir fundinum lá samantekt stjórnar Stefnis hf. um hlutfjáreign hluthafa og atkvæðisrétt þeirra, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá fundarins

Fundarstjóri lagði því næst til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreikning fyrir s.l. starfsár, þ.e. liðir 2 og 3, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu framkvæmdastjóra félagsins. Enginn hreyfði við andmælum og var því tillagan samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár. Stjórnarformaður fór yfir afkomu, innri mál og framtíðarhorfur í rekstri félagsins. Þá gerði hún grein fyrir stefnu stjórnar í starfskjaramálum auk þess sem hún gerði grein fyrir meginatriðum kaupaukakerfis félagsins. Kynning formanns stjórnar fylgir með fundargerð þessari.

3. Staðfesting ársreiknings

Jóhann Möller, framkvæmdastjóri félagsins, og Kristbjörg Kristinsdóttir, fjármálastjóri félagsins, gerðu grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár og fjölluðu um meginþætti í rekstri félagsins á árinu.

Fundarstóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og staðfestingu ársreiknings. Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka tók þá til máls. Hann lofaði gott og árangursríkt ár í rekstri félagsins og þakkaði

starfsmönnum og stjórn félagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Tók hann fram að hann teldi framtíð félagsins bjarta.

Að lokinni umræðu bar fundarstjóri ársreikning Stefnis upp til samþykktar og var hann staðfestur samhljóða.

4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar

Fundarstjóri lagði tillögu um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn. Gerð var tillaga um arðgreiðslu að fjárhæð 1456 milljónir króna, en mismunur arðgreiðslu og hagnaðar gangi til hækkunar á eigin fé félagsins. Tekið var fram að í tillögum til hluthafa kom fram að arðgreiðsla yrði 1457 milljónir króna, en í samræmi við staðfestan ársreikning var lagt til að arðgreiðsla yrði 1456 milljónir króna.

Fulltrúa hluthafa var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna síðan undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5. Breytingar á samþykktum félagsins

Eftirfarandi breytingartillögur á samþykktum félagsins lágu fyrir fundinum ásamt greinargerð sem og öðrum skjölum til glöggvunar fyrir hluthafa, þ.m.t. útgáfa sem sýndi tillögurnar felldar inn í texta núverandi samþykktu:

1. gr. orðist svo:

1. gr.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Stefnir hf. Erlent hjáheiti félagsins er Stefnir Asset Management Company hf.

3. gr. orðist svo:

3. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Tilgangur félagsins er jafnframt eignastýring, fjárfestingarráðgjöf, auk hvernar annarrar starfsemi sem tilgreind er í starfsleyfi og starfsheimildum félagsins. Sem og öll sú starfsemi sem stendur í eðlilegum tengslum við slíka starfsemi, t.d. rekstur og fjárfestingar sem nauðsynlegur er fyrir tilgang félagsins og heimill er innan ramma laga.

6.2 gr. orðist svo:

6.2 gr.

Hluthafar eiga þó forgangsrétt að nýjum hlutum í félaginu í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Félaginu er óheimilt að kaupa eigin hluti nema að því marki sem lög leyfa. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.

6.6 gr. orðist svo:

6.6 gr.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Skal arð á hverjum tíma svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Félagið ber enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna því eigenda- eða aðsetursskipti.

7.2. gr. orðist svo:

7.2 gr.

Rétt til setu á hluthafafundum hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og forstjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi. Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar jafnframt heimilt að sitja hluthafafundi. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

7.3. gr. orðist svo:

7.3 gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hönd hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt, dagsett umboð. Umboð skal leggja fram eigi síðar en á fundi og gildir það einungis til fundarsetu á viðkomandi hluthafafundi, nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

7.8. gr. orðist svo:

7.8 gr.

Hluthafafundur telst lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega hefur verið til hans boðað og fundurinn er sóttur af einum eða fleiri hluthöfum.

7.9. gr. orðist svo:

7.9 gr.

Félagsstjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarsins að mati stjórnar örugg og fullnægir kröfum hlutafélagalaga. Ákvörðun um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Í fundarboði til hluthafafundar skulu koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi.

7.10. gr. orðist svo:

7.10 gr.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kys og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum em snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum og stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Rita skal fundarsamþykktir, ákvarðanir og ákvarðanir í fundargerðarbók.

1. tl. 10.1 gr. gr. orðist svo:

1. tl. 10.1 gr.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.

11.1 gr. orðist svo:

11.1 gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú einstaklingar. Stjórnin skal kosin á aðalfundi ár hvert. Kynjahlutföll í stjórn skulu vera sem jöfnust. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins

12.3 gr. orðist svo:

12.3 gr.

Fundir stjórnar eru lögmætir eftir þeirra er boðað í samræmi við samþykktir og að minnsta kosti meirihluti stjórnarmanna sækja fund eða taka þátt í fundinum með aðstoð rafrænna miðla. Til gildrar samþykktar fundarins þurfa að minnsta kosti meirihluti stjórnarmanna að greiða atkvæði með tillögu. Falli atkvæði um tillögu sem til afgreiðslu er jöfn, ræður atkvæði formanns stjórnar úrslitum. Í fjarveru formanns ræður atkvæði varaformanns úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

13. 2. gr. (1. tl., 3. tl., 8. tl. og 9. tl) orðist svo:

13.2 gr. (1. tl., 3. tl., 8. tl. og 9. tl)

1.tl. Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins, m.a. að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.

3.tl. Að ráða framkvæmdastjóra, gera við hann skriflegan ráðningarsamning og ákveða ráðningarkjör hans.

8.tl. Að setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnar.

9.tl. Að veita prókúruumboð.

S.R. 4/7
K.F.I.

14.1. gr. orðist svo:

14.1. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift meirihluta stjórnarmanna nægileg, nema lög krefjist annars.

15.3. gr. orðist svo:

15.3 gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu eða fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið.

15.4 gr. orðist svo:

15.4 gr.

Framkvæmdastjóra ber að sjá um að reksturinn sé samkvæmt lögum, samþykktum þessum og ákvörðunum stjórnar.

15.5 gr. orðist svo:

15.5 gr.

Framkvæmdastjóri félagsins skal sjá um að bókhald og fjárreiður félagsins séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

19.1 gr. orðist svo:

19.1 gr.

Far sem ákvæði samþykktu þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, , laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, laga nr. 45/2020 um rekstraráðila sérhæfðra sjóða, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga og laga nr. 3/2006 um ársreikninga, auk annarra laga eftir því sem við á.

Breyting á samþykktum :

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi félagsins 26. september 1996, með áorðnum breytingum á aðalfundi 22. apríl 1998, 27. júní 2003, 1. október 2003, 8. apríl 2004, á hluthafafundi 10. desember 2007, á aðalfundi 9. júní 2009, á hluthafafundi 24. nóvember 2009, á aðalfundi 16. apríl 2010, á aðalfundi 21. mars 2011, á aðalfundi 20. mars 2012, á aðalfundi 20. mars 2013, á aðalfundi 17. mars 2015, á aðalfundi 10. mars 2016, á aðalfundi 27. mars 2020, á aðalfundi 18. mars 2021 og 17. mars 2022.

Fundarstjóri bar tillögu til breytingar á samþykktum upp til samþykktar og voru breytingar á samþykktum samþykktar einróma.

SH 5/7
FFI

6. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum félagsins bæri að kjósa stjórn á aðalfundi. Í fundargögnunum væri að finna nöfn þeirra einstaklinga sem hefðu boðið sig fram til setu í stjórn félagsins.

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í aðalstjórn félagsins:

Guðfinna Helgadóttir, kt. 260176-4989.

Jón Óttar Birgisson, kt. 090474-4059.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, kt. 180863-3629.

Sjálfkjörið var í stjórn félagsins.

7. Staðfesting endurskoðenda félagsins

Hluthafar staðfestu að Deloitte ehf. haldi áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi Stefnis hf. fram að næsta aðalfundi. Gerð var grein fyrir því að Deloitte ehf. er endurskoðunarfélag móðurfélags og skal í samræmi 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal kjósa sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Deloitte heldur því áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi félagsins, er það jafnframt í samræmi við samning Arion banka við Deloitte sem gerður var í lok árs 2021 og gildir um endurskoðun árána 2022, 2023 og 2024.

Þess var getið að Pétur Hansson, endurskoðandi, láti nú af endurskoðun félagsins fyrir hönd Deloitte og þökkðu hluthafar honum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri bar upp tillögu að starfskjarastefnu, þess efnis að starfskjarastefna yrði samþykkt eins og hún lá fyrir fundinum. Stefnan var á meðal fundargagna.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúa hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til samþykktar. Var tillaga stjórnar að starfskjarastefnu samþykkt.

9. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Því næst bar fundarstjóri upp eftirfarandi tillögu um laun stjórnarmanna og varamanna í stjórn:

Gerð er sú tillaga að almennir stjórnarmenn fái greiddar 341.000 kr. á mánuði fyrir störf sín og að stjórnarformaður fái greidd tvöföld laun stjórnarmanna. Nefndarmenn undirnefnda fái greiddar 114.000 kr. á mánuði fyrir setu sína í undirnefndum, óháð fjölda nefnda.

Fundarstjóri gaf fulltrúa hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Ekki var óskað eftir því og var því gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt samhljóma.

10. Önnur mál löglega borin fram


Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.


Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður, tók þá til máls og þakkaði hluthöfum fyrir traust og stuðning sem þeir hafi sýnt stjórnarmönnum félagsins.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri aðalfundi Stefnis hf. árið 2022, fyrir árið 2021, slitið kl. 13:20

Reykjavík, 17. mars 2022


Guðmundur Thorlacius Ragnarsson
fundarstjóri


Fannar Freyr Ívarsson
fundarritari